



GRINDAVÍKURBÆR

## Upplýsingar til sveitarfélaga sem snúa að fræðslumálum vegna neyðarstigs Almanna- og Grindavíkursvæðinu.

Stjórnendur Grindavíkurbæjar í samstarfi við almannavarnir, stjórnvöld, Samband íslenskra sveitarfélaga hafa verið að leggja mat á stöðu málefna sveitarfélagsins í nýjum og krefjandi aðstæðum.

Stjórnendur Grindavíkur og bæjarbúar hafa fundið fyrir miklum stuðningi samfélagsins og mörg sveitarfélög hafa haft samband og veita aðstoð við að leita lausna í málefnum sveitarfélagsins.

Með þessum bréfi til sveitarfélaga viljum við m.a. upplýsa ykkur um stöðu mála og leiðbeina um ferli í einstökum málum sem upp kunna að koma hjá ykkur.

### Leikskólar

- Sveitarfélög/fræðslufyrirvöld á stór höfuðborgarsvæðinu, Reykjanessvæðinu og Árborg hafa tekið saman upplýsingar um laus leikskólaláss í sínum sveitarfélögum og metið þörf fyrir starfsfólk. Fleiri sveitarfélög hafa veitt samskonar upplýsingar.
- Leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi.
  - Í einhverjum tilvikum hafa börn hafið leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi sem þau og fjölskyldur þeirra dvelja og hefur það verið ákvörðun foreldra viðkomandi barna.
  - Óski foreldra eftir leikskóladvöl vinsamlegast verði við þeirri beiðni eins og hægt er.
  - Við innritun í leikskóla eru skólastjórnendur beðnir um að skrá barn í sitt skráningarkerfi s.s. Kerellen (gervikennitölu)
  - Við innritun í leikskóla eru skólastjórnendur beðnir um að láta foreldra skrifa undir meðfylgjandi eyðublað vegna miðlunar á upplýsingum.
  - Skólastjóri sendir upplýsingar um innritað barn í leikskóla í gengum Signet transfer til leikskólafulltrúa/sérkennsluráðgjafa Grindavíkur.
  - <https://transfer.signet.is>:
    - Senda á fyrirtæki
    - Fyrirtæki: Grindavíkurbær
    - Hópur: Skólaþjónusta
    - Skilboð í tölvupóst: Innritun í leikskóla b.t. Sigurlínu Jónasdóttur leikskólafulltrúa
  - Óski leikskóli eftir upplýsingum um barn sem dvelur í leikskóla utan Grindavíkur vinsamlegast hafði samband við Sigurlínu Jónasdóttur leikskólafulltrúa/sérkennsluráðgjafa [sigurlina@grindavik.is](mailto:sigurlina@grindavik.is)

## Grunnskólar

- Skólasókn í grunnskóla. Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur í samráði við skólayfirvöld í Grindavík óskað eftir því að foreldrar verði upplýstir um **ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru í Grindavík telur ráðuneytið að gild rök séu fyrir því að grindvískum börnum á skólaskyldaldri sé tímabundið veitt svigrúm frá skólaskyldu. Lögð er rík áhersla á að grindvísk börn og fjölskyldur fái svigrúm til að ná áttum og þau fái viðeigandi stuðnings vegna þess áfalls sem þau hafa orðið fyrir.**
- Skólasókn í grunnskóla í öðru sveitarfélagi.
  - Í einhverjum tilvikum hafa börn hafið nám í grunnskóla í öðru sveitarfélagi sem þau og fjölskyldur þeirra dvelja og hefur það verið ákvörðun foreldra viðkomandi barna. Óski foreldra eftir skólavist í grunnskóla vinsamlegast verðið við þeirri beiðni eins og hægt er.
  - Við innritun í skóla eru skólastjórnendur beðnir um að skrá barn í sitt skráningarkerfi s.s. Mentor (Mentor býr til gervikennitölu)
  - Við innritun í skóla eru skólastjórnendur beðnir um að láta foreldra skrifa undir meðfylgjandi eyðublað vegna miðlunar á upplýsingum.
  - Skólastjóri sendir upplýsingar um skráða nemendur í gengum Signet transfer til skólastjóra Grunnskóla Grindavíkur
  - <https://transfer.signet.is> - merkja við:
    - Senda á fyrirtæki
    - Fyrirtæki: Grindavíkurbær
    - Hópur: Grunnskóli Grindavíkur
    - Skilaboð í tölvupósti: Innritun í grunnskóla b.t. Eysteins Þórs Kristinssonar skólastjóra
  - Óski skóli eftir upplýsingum um nemendur sem stunda ná í öðru sveitarfélagi vinsamlegast hafði samband við Eysteinn Þór Kristinsson skólastjóra Grunnskóla Grindavíkur [eysteinnk@grindavik.is](mailto:eysteinnk@grindavik.is)
- Fræðslufyrirvöld í Grindavík eru að skoða möguleika á því hvernig hægt er að útfæra skólastarf þegar búið er að ná utanum m.a. hvar fjölskyldur og börn dvelja.

## Frístundastarf

- Frístunda- og menningarsvið Grindavíkur hefur það til skoðunar að stofna rafrænnar félagsmiðstöðvar fyrir eldri börnin/unglingana Grindavíkur og til skoðun er að halda úti starfi félagsmiðstöðvar fyrir unglunga og ungmenni a.m.k. eitt kvöld í viku. Staðsetning er í skoðun.

### **Þjónustumiðstöð félagsþjónustu- og fræðslumála Grindavíkurbæjar í Tollhúsinu**

- Grindavíkurbær hefur opnað þjónustumiðstöð félagsþjónustu- og fræðslumála í Tollhúsinu Tryggvagötu 19, Reykjavík. Þar er tekið á móti Grindvíkingum sem óska eftir ráðgjöf og þjónustu
  - Grindavíkurbær í síma 4201100
  - [felagsradgjafi@grindavik.is](mailto:felagsradgjafi@grindavik.is)
  - [barnavernd@grindavik.is](mailto:barnavernd@grindavik.is)

### **Þjónustumiðstöð – opin fyrir alla Grindvíkinga**

- Ríkislögreglustjóri, í samstarfi við Rauða krossinn og Grindavíkurbæ, hefur opnað þjónustumiðstöð í Tollhúsinu, Tryggvagötu 19.
- Opnunartími er á virkum dögum frá kl. 10-18.
  - Hægt er að hafa samband í síma 855-2787 og á netfangið [fyrirspurnir@almannavarnir.is](mailto:fyrirspurnir@almannavarnir.is)

**Nökkvi Már Jónsson**

**sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs Grindavíkurbæjar**